



Veðurstofa Íslands Greinargerð

Rýmingarsvæðavinnuhópur Veðurstofu Íslands og Háskóla Íslands:

Ásdís Auðunsdóttir, Einar Sveinbjörnsson*,
Guðmundur Hafsteinsson, Gunnar Guðni Tómasson, Haraldur Eiríksson, Hörður
Þórðarson, Jón Gunnar Egilsson*, Kristján Jónasson*, Magnús Már Magnússon,
Svanbjörg H. Haraldsdóttir, Tómas Jóhannesson*, Trausti Jónsson*, Unnur Ólafsdóttir,
Þorsteinn Sæmundsson

Heimamenn: Guðmundur Hagalínsson, Kristján J. Jóhannesson, Magnea
Guðmundsdóttir, Oddur Pétursson, Ólafur Helgi Kjartansson

Greinargerð um snjóflóðaaðstæður vegna rýmingarkorts fyrir Flateyri

Inngangur

Samkvæmt lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum frá maí 1997 ber Veðurstofu Íslands að gefa út viðvaranir um staðbundna snjóflóðahættu. Skal þá rýma húsnæði á reitum, sem tilgreindir eru í viðvörun Veðurstofunnar, í samræmi við gildandi rýmingaráætlun. Veðurstofan hefur, í samráði við heimamenn, unnið sérstaka uppdrætti af þéttbýlisstöðum landsins þar sem talin er snjóflóðahætta og sýna uppdrættirnir reitaskiptingu rýmingaráætlana viðkomandi staða. Greinargerðin sem hér fer á eftir lýsir reitaskiptingu Flateyrar og aðstæðum sem leitt geta til rýmingar á reitum sem þar hafa verið skilgreindir.

Ofan Flateyrar eru tveir farvegir sem valdið hafa snjóflóðum á byggðina. Snjóflóð úr þessum farvegum og hugsanleg úthlaups lengd þeirra, er grundvöllurinn fyrir rýmingarkortinu. Farvegirnir skarast þegar kemur niður í byggðina.

Hér á eftir er fyrst lýst landfræðilegum aðstæðum, en síðan er hverjum farvegi lýst fyrir sig. Getið er um þekkt snjóflóð og farvegum þeirra er lýst stuttlega. Gefin er umsögn um byggð, snjóflóðahættu og veðurlag sem veldur snjósöfnun á upptaksvæðum. Rýmingarsvæði í byggðinni neðan hvers snjósöfnunarsvæðis eru afmörkuð og sýnd á korti í mælikvarða 1:7500. Rýmingaráætlunum og rýmingarsvæðum er nánar lýst í greinargerðinni VÍ-G96002-ÚR02.

Greinargerð þessi byggist á niðurstöðu funda sem haldnir voru í Reykjavík þann 6. febrúar og á Flateyri þann 7. febrúar 1996. Heimamenn, sem taldir eru upp á titilblaði hér að framan, og þeir úr vinnuhópnum, sem merktir eru með „*“ á titilblaðinu, sátu annan eða báða fundina.

Landfræðilegar aðstæður, byggð og örnefni

Þorpið Flateyri stendur á samnefndri eyri við norðanverðan Öndarfjörð, en hefur á síðustu áratugum teygst sig örlítið upp í hlíðina ofan eyrarinnar. Um og eftir síðustu aldamót var einnig nokkur byggð og atvinnurekstur á Sólbakka, rétt innan við Eyrina, en þar standa nú einungis þrjú hús.

Öndarfjörður hefur stefnuna ASA-VNV og opnast til VNV.

Ofan byggðarinnar rís Eyrarfjall, bratt og gilskorið. Að ofan er það flatt, eins og algengt er með fjöll á norðanverðum Vestfjörðum, og er brún þess í um 660 metra hæð yfir sjó. Fjallshlíð Eyrarfjalls ofan Flateyrar snýr mót SSV. Efst er Eyrarfjall hömrum girt, en neðar er það skriðurunnið. Fjallshlíðin er nokkuð skorin, bæði af hvíltum og giljum. Hvíltarnar eru stórar og eru afleiðingar framskriðs hvíltar- og skálarjökla. Neðan þeirra finnast ekki aurkeilur úr því efni sem var í hvíltinni. Gilin eru minni og hefur efnið úr þeim myndað aurkeilur neðan þeirra.

Beint upp af byggðinni á Flateyri eru tvö gil, Innra-Bæjargil og Skollahvilft. Þó notað sé orðið hvilft um annað þeirra, hefur það ekki útlit hvilftar, og er af sumum nefnt Skollaskál eða Skollagróf. Í þessum giljum eiga snjóflóðin, sem falla á byggðina á Flateyri, upptök sín. Innra-Bæjargilið er utar, beint upp af byggðinni. Það er grynnra og mjórra en Skollahvilftin. Skollahvilftin er mun stærri en Innra-Bæjargilið og nær allt að 700 metra breidd, en þrengist mjög er neðar dregur og er gilkafturinn einungis nokkrir tugir metra á breidd. Skollahvilft er beint upp af Eyrarbót, innan við Eyrina. Neðan giljanna eru stórar aurkeilur, sem breikka úthlaupssvæði snjóflóðanna.

Neðan Innra-Bæjargils er fleygmyndaður leiðigarður sem ætlað er að beina burt snjóflóðum sem eiga upptök sín neðarlega í Innra-Bæjargili og áformað var að koma fyrir stoðvirkjum í upptökum ofar í gilinu. Neðan Skollahvilftar eru þrjár keiluraðir. Flóð úr Skollahvilft geta einnig lent á leiðigarðinum neðan Innra-Bæjargils, en koma þá þvert á hann. Unnið er að gerð snjóflóðavarnargarða ofan Flateyrar og munu þeir breyta forsendum rýmingaráætlunarinnar sem hér er lýst þegar þeir eru fullgerðir.

Utan Eyrarinnar liggur vegurinn út í Klofning. Þar er fjallshlíðin skorin af giljum og margar heimildir um snjóflóð þar, jafnvel flóð sem ná í sjó fram.

Innan Skollahvilftar eru tvö gil, Miðhryggsgil og Litlahryggsgil. Úr þessum giljum hafa fallið snjóflóð og nokkur náð niður í sjó. Þarna er nú engin byggð, en vegurinn til þorpsins liggur undir

giljunum. Þar var einnig raflína, sem nú verið sett í jörðu, vegna tjóns af völdum snjóflóða.

Snjósöfnunaraðstæður og rýmingarsvæði

Innra-Bæjargil

Margar heimildir eru um snjóflóð, lítil sem stór. Sum þeirra hafa náð niður í byggð og valdið tjóni á mannvirkjum.

Farvegurinn er gil, 250 m breitt efst, en mjókkar er neðar dregur. Gilkjafturinn er í u.þ.b. 200 m hæð yfir sjó og neðan hans er aurkeila. Aurkeilan ræður miklu um breidd og úthlaupssvæði einstakra snjóflóða.

Íbúðarbyggð nær upp undir brekkufótinn.

Mikil hætta er talin á snjóflóðum, stórum sem smáum.

Snjósöfnun verður mest við skafrenning í N-lægum áttum. Ofan á Eyrarfjalli er stórt aðsópssvæði. Snjór safnast í gilið ofan frá í NV-NA áttum. Einhver hliðfylling í gilið er möguleg í enn V-lægari átt. Skollahvilft skýlir gilinu fyrir hliðfyllingu úr enn A-lægari áttum.

Gert er ráð fyrir rýmingu á 1. stigi á reit A, á 2. stigi á reit B og á 3. stigi á reit C. Ekki er gert ráð fyrir rýmingum á reit D. Rýmingarsvæði skarast við rýmingarsvæði vegna snjóflóða úr Skollahvilft.

Skollahvilft

Margar heimildir eru um snjóflóð á svæðinu. Allmörg snjóflóð hafa náð niður í byggð og í sjó fram. Flóð úr Skollahvilft hafa valdið bæði mann- og eignatjóni.

Farvegurinn er gil eða skál, um 700 metra breitt efst, en í gilkaftinum í u.þ.b. 180 m hæð yfir sjó er breidd þess einungis 20-30 metrar. Neðan gilkaftsins tekur við breið og mikil aurkeila, sem hefur mikil áhrif á breidd og úthlaupssvæði einstakra snjóflóða.

Beint niður af gilinu er ekki nein byggð, þannig að flóð sem fara beint út úr gilkaftinum falla í sjóinn í Eyrarbót. Vegurinn inn í þorpið er á fyllingu út í sjónum í Eyrabótinni. Aurkeilan neðan gilsins veldur því hins vegar að snjóflóð geta farið til beggja átta, að utanverðu á byggðina á Flateyri og að innanverðu á húsin á Sólbakka.

Mikil hætta er talin á snjóflóðum, stórum sem smáum.

Snjósöfnun verður mest við úrkomu og skafrenning í N-lægum áttum. Ofan á Eyrarfjalli er stórt aðsópssvæði, sem sér vindinum fyrir hráefni. Snjór safnast í gilið ofan frá í NV-ANA áttum. Einhver hliðfylling í gilið er möguleg í enn A-lægari átt. Innra-Bæjargil skýlir fyrir hliðfyllingu úr enn V-lægari átt.

Gert er ráð fyrir rýmingu á 1. stigi á reit A, á 2. stigi á reit B og á 3. stigi á reit C. Ekki er gert ráð fyrir rýmingum á reit D. Rýmingarsvæði skarast við rýmingarsvæði vegna snjóflóða úr Innra-Bæjargili.


Snjóflóðaveður


Mesta snjóflóðahætta á Vestfjörðum tengist aftakaveðrum af norðri þegar lægðir ganga norður fyrir land úr suðri eða austri. Lægðir þessar beina tiltölulega hlýju lofti að sunnan með mikilli úrkomu norður fyrir landið og valda mikilli snjósöfnun á upptakasvæðum margra snjóflóðafarvega á Vestfjörðum. Mikil snjósöfnun getur einnig átt sér stað í sömu farvegum í langvarandi norðaustanátt með mikilli ofankomu. Áköf úrkoma í suðaustanátt getur einnig valdið snjóflóðahættu í ákveðnum hlífum sem vita mót norðri.

Útgáfur

Fyrsta útgáfa, mars 1996.

Önnur útgáfa, júlí 1997. Smávægilegar orðalagsbreytingar og leiðréttingar.





Töðun: **HNIT** VERO/VEDURSTOFA
 Hverfisheidi 60-68 108 Reykjavík
 Sími: 593 0000
 Símanúmer: 593 0121

VEDURSTOFA ISLANDS
 Hverfisheidi 6 108 Reykjavík
 Sími: 593 0000
 Símanúmer: 593 0121

Flateyri
 RÝMINGARKORT
 Mál: 1:5000

Skýringar
 Önnur aðstæður
 skráðu upplýsingar

